


Sverrir Ólafsson myndhöggvari við málaða lágmynd.



Málaður skúlpúr.

að reyna að endurvinnna þessi verk. Það var ekki hægt.“

— En nú ertu kominn með nýja sýningu.

„Já, en það er nú ekki meira en svo að ég hafi fengið að vera í friði,“ segir Sverrir þungur á brún. „Sjáðu til. Eftir flóðið var gert samkomulag milli mín og borgaryfirvalda, þar sem mér voru tryggðar einhverjar bætur og því heitið að ég fengi að hafa aðstöðu hér svo lengi sem ég vildi. Nú hefur það verið svikið og ég á að hypja mig. Þeir vilja víst frekar nota húsnæðið sem kartöflugeymslu! Borgarverkfræðingur hefur lagt undarlega mikla áherslu á að losna við mig. Borgarstjórinn lyftir ekki litla-fingri. Aðfarir æðstu embættismanna borgarinnar í þessu máli eru með öllu ósæm-andi. Eftirlitsmaður borgarinnar lagði mig í einelti á meðan ég var að undirbúa þessa sýningu, hann og skrifstofustjóri borgar- verkfræðings láta mig alls ekki í friði. Þú getur ímyndað þér hvernig það er að eiga þessa pótitáta yfir höfði sér og vera jafn- framt að búa til sýningu! Menn þurfa fyrst og fremst sálarfrið og ró undir þeim kring- umstæðum, en ég má þola stöðugt öryggis- leysi. Stundum er eins og ekkert mál sé brýnna en að losna við einn myndlistarmann úr haughúsi Thorsaranna!“ Sverrir hlær kaldhæðnislega og kveikir aftur í vindlinum. „Þér finnst náttúrulega að ég sé með þetta á heilanum, ekki satt? En það er nú einu sinni svo að þetta ber hæst um þessar mundir í lífi mínu, því er nú verr, og þetta stríð er ákaflega sálarslílandi.“

Í þessu koma tveir kunningjar lista- mannsins í heimsókn. „Ekki fer nú Morgun- blaðið að segja frá framkomu Reykjavík- borgar í þessu máli,“ segir annar þeirra efins, um leið og hann afhendir dálitinn böggul. „Uss, höfum ekki áhyggjur af því,“ segir Sverrir. „Viljið vodkatár, strákar?“ Þegar strákarnir fara inni ég Sverri aftur fréttu af sýningunni. „Ég vinn verkin þann- ig að veðurbreytingar hafi áhrif á þau,“ segir hann. „Náttúran tekur þátt í sköpun- inni á vissan hátt. Rigning og sólskin ger- breyta ásýnd verkanna, mismunandi birta hefur sömuleiðis sitt að segja...“ Hann bitur í vindlinn og hugsar sig um. „Mér gekk vel að byrja upp á nýtt eftir slysið, ég varð svo reiður! En reidastur varð ég þó vegna hinna stöðugu árása sem ég mátti sæta. En ég ákvað að láta ekki lítilmenni eyðileggja fyrir mér möguleikana á að halda áfram.“ Aftur erum við ónáðaðir, nú er það Þorkell ljósmyndari sem bankar upp á. Sverrir stillir sér upp meðal verka sinna og glottir við myndavélunum. „Á ég kannski að vera alvarlegur? Sést ekki áreiðanlega hakakrossinn í baksýn, — hann er ágætt ták.“ Ég nota tækifærið og spyr um áhrifa-

valda í listinni. „Sá sem líklega ber helst ábyrgð á því að ég fór út í myndlist var Kjarval. Ég ólst upp vestur í Stykkishólmi og þangað kom Kjarval mörg sumur og bjó hjá okkur. Hann var þá löngum að mála í Berserkjahrauni. Við krakkarnir fengum oft að dandalast í kringum meistaran. Mér þykir ákaflega vænt um þessar minningar, ég á til að mynda málverk eftir Kjarval sem ég horfði á hann mála þegar ég var barn. Seinna kynntist ég kallinum betur, þá vorum við flutt suður og hann kom oft og einatt í heimsókn.“

Leið Sverris lá fyrst í Kennaraskólann og um nokkurra ára skeið stundaði hann handavinnukennslu. Svo fór hann í Mynd- lista- og handiðaskólann árið 1973. „Mynd- listarmenntun er fölginn í því að upplifa hlut- ina sjálfur, og á sjálfstæðan hátt,“ segir Sverrir. „Skólinn getur fyrst og fremst kennt hvernig á að meðhöndla efni. Og nú vilja þeir setja Myndlistaskólann á háskóla- stig. Hefurðu heyrt annað eins!“ Hann hrist- ir höfuðið yfir þessari fásínu. „Ég held að ástæðan sé sú að þeir vilji slá einhverja uppjafahermenn til riddara gera þá að dósentum og lektorum og hvað þetta heitir nú. Þú mátt samt ekki misskilja mig, ég lærði geysilega mikið af sumum kennar- anna, — á ég að nefna nöfn? — Jón Gunnar Árnason, Bragi Ásgeirsson, Magnús Pál- son, Hörður Agústsson. Allir miklir sóma- menn. Heiðursmenn, drengur minn. En ég held að við höfum öll lært mest af félags- skapnum, enda voru þetta galsafengnir tímar svo vægt sé til orða tekið. Innan skól- ans var gerð bylting sem leiddi til þess að nýlistadeildin var sett á laggirnar. Athyglis- verðast við þessar hræringar fannst mér sú staðreynd að þar voru nemendurnir sem urðu boðberar nýrra viðhorfa, en ekki kenn- ararnir, sem flestir hverjir voru hreint ekki með á nótunum. En það er víst bæði gömul saga og ný...“

Við víkjum að fjölskylduhögum og það kemur upp úr dúrnun að Sverrir er mikill barnakarl, faðir þriggja stráka og einnar stelpu á aldrinum frá sjö til nítján ára. „Já,

svo er ég í ástandinu,“ segir Sverrir stolt- ur. „Konan mín er nefnilega amerísk. Hún heitir Rainer og hefur búið hér við þröngan kost, sult og seyru í sautján ár. Og samt er hún ánægð!“ fullyrðir hann glæðlega.

— Og hvernig gengur að framfleyta svona stórrí fjölskyldu?

„Óff, þetta er hræðileg spurning, maður! Við vinnum náttúrulega bæði, konan mín er kennari við skóla bandaríska sendiráðsins. Ég hef verið kokkur á ýmsum döllum, bygg- ingaverkamaður, leiðsögumaður laxveiði- manna og svo framvegis. Síðustu þrjú árin hef ég að fullu helgað mig listinni. Þú hefur kannski heyrt að fæstir eru ofsælir af því að vera myndlistarmenn á Íslandi? Það er rétt.“ Sverrir er óræður á svip. „Verð- mætamat Íslendinga er oft og tíðum skrútið og list litin hornauga ef hún skilar ekki beinhörðum peningum í aðra hönd. Þúsund tonn af þorski eru líka áþreifanlegri verð- mæti en listaverk. En hvað ætli Hollending- ar græði mikið á ferðamönnum sem koma til að skoða málverk meistaranna þeirra?“

Mér verður svarafátt. „Gríðarlegar upp- hæðir,“ segir Sverrir og er mikið niðri fyr- ir. „Við getum líka selt okkar list og komið henni á framfæri. Það koma fjölmargir ferðamenn hingað til lands á hverju ári til að skoða íslenska nútímalist, enda meiri áhugi á henni en flestir halda.“

Það er komið kvöld á Korpúlfsstöðum. Sverrir fylgir mér aftur í gegnum vinnustof- una. Listaverkin bíða, sum dálítið spök eins og listamaðurinn sjálfur, sum margræð. Öll vitna þau um sköpunargleði og frumleika, sannkallaðar perlar í þessu gamla haug- húsi. Ég spyr Sverri hvað sé framundan. „Hvað við tekur, eftir sýninguna, veit ég ekki. En það á að losna við mig héðan, svo mikið er víst. Allt er afstætt, en hins vegar hefur aldrei verið svo til mannlegt samfélag að borgarverkfræðingur í einni eða annarri mynd hafi ekki verið þar við lýði. Listin lif- ir aftur á móti alla embættismenn. ... Ég læt þetta strögl auðvitað ekki buga mig, — maður verður að falla fyrir verðugum and- stæðingi.“